

Gamlar og áður óbirtar myndir frá Akranesi teknar árið 1937, þegar Síldarverksmiðjan var reist


Í framhaldi af grein Ásmundar Ólafssonar um Sigurð Jónsson frá Hlíðsnesi og vélsmiðjuna Héðinn (Skessuhorn 31/7 2013) þá sendi Sverrir Sveinsson, fyrrverandi forstjóri Héðins, Ásmundi nokkrar ljós-

myndir sem faðir hans, Sveinn í Héðni, hafði tekið á Akranesi árið þegar Síldarverksmiðjan var reist. Héðinn sá um þær framkvæmdir árið 1937, en byggingameistari var Ingimar Magnússon. Myndirnar voru

skannaðar og hreinsaðar af Þórði Ólafssyni og verða þær afhentar Ljósmyndasafni Akraness til varðveislu. Hér verða sýndar nokkrar af myndunum, ásamt skýringum.



Bátur sem minnir á gamla tímann. Hér í Heimaskagasaninum var líklega fyrsta vörin á Skaganum, Heimaskagavör. Handan hennar var Miðteigsvör og Háteigsvör eða Réttarhúsavör. Batabryggjan var járnbyggja á steiptum steinstöplum og var hún byggð 1905-1908, kölluð bryggjan í Steinsvör. Steinsvör var áður dlítin þrautalending Skagabátanna. Sunnan bryggjunnar eru Gelluklettur og Lausuklettur en milli þeirra er skarð, Þórðarskarð. Inn í Gellukletta gengur stór gjá „Gellan“, svo kölluð vegna mikils hávaða eða brests sem heyrðist þegar brimið og sjávaraldan sogaðist inn og skall niður í gjána. Fiskverkunarhús HB Granda eru steipt yfir hluta af Gellunni. Auk þeirra húsa sjást á myndinni m.a. Ármannshús, fiskverkunarhús Þórðar Ásmundssonar og beituskúrar. Milli þeirra og bryggjunnar var Hegraplanið, þar sem tekið var á móti fiskinum. Gatan sem lögð var fyrir aldamótin 1900 og er í framhaldi við bryggjuna er Bárugata, sem áður gekk undir nöfnunum Hvalvegur og Nýstígur. Lengst t.v. á myndinni sést í Bræðrapart við Breiðargötu 18. Það hús var flutt árið 2007 og stendur nú neðst við Suðurgötu og er nr. 20 við götuna.



Umbreyting í fiskvinnslu. Eitt fyrsta almenningshlutafélag landsins, Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness h.f. var stofnað 1937. Hluthafar voru um 180, allir sem vettlingi gátu valdið á Akranesi á þeim tíma. Fyrsti formaður var Ólafur B. Björnsson en framkvæmdastjórn þeir Haraldur Böðvarsson, Sturlaugur sonur hans og síðar Valdimar Indriðason. Verksmiðjan var umsvifamikil um árabil, rak útgerð vertíðarbáta; einnig togarann Víking, sem enn er í notkun og hefur lengi verið flaggskip flotans. Þá rak verksmiðjan Vélsmiðjuna h.f., en S.F.A. gekk síðar til samstarfs við Heimaskaga h.f. Síðan gengu þau fyrirtæki til sameiningar við flest önnur sjávarútvegsfyrirtæki á Akranesi, áður en öll þau fyrirtæki –HB h.f.– gengu til sameiningar við mörg önnur fyrirtæki hér sunnanlands, sem í dag eru rekin undir nafninu HB Grandi. Fremst á myndinni má sjá klettana frá Teigavör (út í stórstraumfjöru), sem Oddur kaupmaður og fréttaritari í Brú fékk greitt fyrir 30 árum síðar, þegar aukið var við þróarplássíð, en Verksmiðjan var reist í landi Akurs, sem voru foreldrahús Odds Sveinssonar.



Fánaborg við Akraneshöfn 1937. Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness risin árið 1937. Þrúðbúið fólk við Fagranesið, sem þá var í föstum ferðum milli Akraness og Reykjavíkur með fólk og póst. Skipið flutti jafnframt mjólk fyrir bændur sunnan Skarðsheiðar. Á myndinni má m.a. sjá nokkur hús í nágrenni við hafnarvæðið, Sóleyjartungu, Þinghól, Háteigshúsin, hús Ólafs B. Björnssonar, síðan Akur og þakið á Ásahúsi (Suðurgata 25); þá má greina Teigakot - síðasta torfbæinn á Skaga, Aðalból og Akraness Apótek, lengst til hægri. Um Fagranesið má segja að það var smíðað í Noregi 1934 úr eik og furu; 60 brl. og 150 ha Skandia vél. Eigendur voru Ármann Halldórsson á Hofteigi, sem var skipstjóri á skipinu og Leifur Böðvarsson. Skipið var lengt 1939 og mældist þá 70 brl. Það var selt 1942 hlutafélaginu Djúpbátum á Ísafirði, og hélt nafni sínu Fagranes. Skipið var talið ónýtt og tekið af skrá 1963.



Kol og fiskur. Fremst á mynd eru menn að störfum í kolaporti Þórðar Ásmundssonar útgerðarmanns, en móteikja hafði um þetta leyti látið undan síga fyrir innflutningi á kolum. Fyrir ofan portið er fiskur í stæðum - þurrkaður og saltur - og breitt yfir. Grindur eru á fiskreitunum fyrir ofan, en Ólafur Ásmundsson verkstjóri lét þarna breiða á grindur, þó svo oftast væri breitt beint á klappirnar. Svæði þetta er u.þ.b. þar sem OLÍS (Suðurgata 10) er í dag. Aftast til hægri sést í Haraldarhús og Georgshús, sem síðar var flutt. Þá eru geymslur og útihús, þar sem nú er húsið Suðurgata 16. Handan götunnar við Háteig (sem áður gekk undir nöfnunum Auðarstígur og Laufásvegur) er hús Ólafs B. Björnssonar, þá Háteigshúsin, bæði gamla og nýja húsið, hlaða og fjós. Önnur hús við Háteig voru Sóleyjartunga, Þinghóll, Borg, Litlíteigur, Viktorshús, Laufás, Minni-Borg og Ráðagerði, sem stóð við gatnamót Vesturgötu. Hlöðunni á Háteig var breytt í Stúkuhús, sem nú hefur verið flutt að Byggðasafninu á Görðum. Þinghóllinn er horfinn, en þangað var flutt húsið Neðri-Teigur (Suðurgata 18). Það er nú nr. 8 við Háteig. Litlíteigur er einnig horfinn en húsið Laufás var flutt, og er nú sumarhús í landi Stóra-Fjalls í Borgarhreppi. Lengst til vinstri sést í nokkur hús við Bárugötu, m.a. Bárugötu 17 (Draugahöllina) sem Einar Sveinsson, arkitekt og síðar húsameistari Reykjavíkurborgar teiknaði í fúnkisstil fyrir Ólaf Jónsson á Bræðraparti árið 1933 (húsinu hefur verið breytt). Einar teiknaði einnig Akraness Apótek fyrir Friðu Proppé, lyfsala. Þá sést í þak stórhýsis bræðranna frá Hofi, Skafta og Einars Jónssonar, sem þeir létu byggja við Vesturgötu 19 skömmu áður en þeir drukknuðu með Kveldúlfi árið 1933.



Sindraportið - Teigavör og Hjallhúsið. Neðst á mynd og lengst til vinstri er port sem síðar var kallað Sindraportið, en það stóð á svæði u.þ.b. þar sem Hafnarvogin er nú, en þannig var að Víðir h.f. sem var umsvifamikilið almenningshlutafélag hér, stofnað 1937, keypti togarann Sindra. Upphaflega hét skipið Víðir GK 450 og var smíðaður í Englandi 1915 úr stáli. Hann var 241 brl. með 450 ha 3 þjöppu gufuvél. Skipið rak á land í Hvalfirði 1949 og ónýttist. Þá lét Víðisfélagið árið 1943 smíða stærsta skip sem þá hafði verið smíðað á Akranesi. Dráttarbrautin tók að sér smiðina, en yfirmiðjar var hinn góðkunnur skipasmiður Eyjólfur Gíslason úr Reykjavík. Skipið, Víðir AK 35, var smíðaður úr eik, 104 brl., 320 ha Lister diesel vél. Víðir var seldur árið 1949; síðar eða 1952 var skipið selt Arnarey h.f., Djúpavogi. 1957 var nafninu breytt; hét þá Mánatindur SU 95. Skipið var talið ónýtt og tekið af skrá 1965. Á myndinni sést í Teigavörina, en rétt fyrir ofan hana, á sjávarbakkannum er Hjallhúsið; það var rétt fyrir ofan húsið Akur, sem ekki sést á myndinni. Hjallhúsið var líklega að stofni til fiskhjallur, byggður af Jóni halta Sigurðssyni í Melshúsum, sennilega rétt eftir 1870. Það var gert íbúðarhæft 10 árum síðar af Jóni Helgasyni frá Neðranesi. Margir bjuggu í Hjallhúsinu, m.a. Jón Kristjánsson frá Súgandafirði. Hann flutti hingað 1942 og bjó hann í Hjallhúsinu til 1949, síðar á Vesturgötu 121 (Götuhausum). Jón var bæklaður af slysi, en hann starfaði hér við netagerð, og ferðaðist um Skagann á þríhjóla vélhjól sínu. Gatan sem byggingar Síldarverksmiðjunnar standa nú við, var lögð síðar og nefnd Akursbraut eftir býlinu Akri, sem stóð nálægt þar sem nú er rannsóknarstofa SFA (og áður var Sjómannastofan, sem tók til starfa 1949). Húsið Akur var rífið, sem og Hjallhúsið. Á þessu svæði var áður sá frægi Oddsbær, en hann var byggður úr Teigakotslandi, nákvæmlega þar sem Sólbakki stendur nú (Akursbraut 17). Oddsbær fór í eyði um eða upp úr 1900. Sælustaðir stóðu u.þ.b. bak við Geirmundabæ, við Sólbakkann. Bærinn Halakot stóð fyrir ofan Halakotssandinn, á nokkurn vegin sama stað og Sælustaðirnir síðar, og síðan kom Sandgerði nr. 24 við Akursbraut. Húsin aftast á myndinni eru mörg og tilheyra þau flest Suðurgötunni og Kirkjubrautinni, sem áður hét Óðinsgata.

Ásmundur Ólafsson tók saman



Guðmundur Bjarni Björnsson í hringnum.

Guðmundur Bjarni hnefaleikamaður kvöldsins

Íslenskir hnefaleikakappar tóku á móti dönskum félögum sínum í skemmtilegri hnefaleikakeppni sem Hnefaleikafélag Akraness stóð fyrir ásamt Æsi í Reykjavík um sl. helgi. Keppt var í nú leikjum. Íslensku þátttakendurnir voru frá Hnefaleikafélagi Akraness, Æsi og Hnefaleikafélagi Reykjavíkur. Hnefaleikamaður kvöldsins var Guðmundur Bjarni Björnsson frá Hnefaleikafélagi Akraness. Hann sigraði Magnús Bjarka Snæbjörnsson frá Æsi, 3-0 örugglega í skemmtilegu einvígi. Guðmundur Bjarni stjórnaði leiknum frá fyrstu mínútu með öflugum beinum höggum og þéttri vörn. Hann var ekki nema hársbreidd frá því að ljúka leiknum með rothöggi. Margrét Ásgerður Þorsteinsdóttir frá Hnefaleikafélagi Akraness sigraði Isabella Corzzen frá Nyköbing FBK einnig 3-0. „Margrét sótti fast strax frá fyrstu lotu og var sigurinn aldrei í hættu. Þungur vinstri krókur og falleg bein högg, ásamt þéttri vörn, voru lykillinn að sanngjörnum sigri Margrétar,“ segir í tilkynningu frá Hnefaleikafélagi Akraness. Marínó Elí Gíslason mætti ofjarli sínum í Jakob Sandford frá Rudersdal BK en þeir hafa att kappi áður þar sem Jakob hafði einnig sigur. Gísli Kvaran mætti Bjarka Ómarsyni frá Hnefaleikafélagi Reykjavíkur og beið lægri hlut 3-0.

mþb